146. löggjafarþing 2016–2017.
Þingskjal 663 — 164. mál.

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Silju Dögg Gunnarsdóttur um Landsvirkjun.

1. *Hve miklum fjármunum skilaði Landsvirkjun til þjóðarbúsins á árunum 2014, 2015 og 2016?*

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Landsvirkjun vegna þessa liðar fyrirspurnarinnar og byggist svarið m.a. á svari fyrirtækisins. Þess ber að geta að ársskýrslur og ársreikningar Landsvirkjunar eru birtir á vef fyrirtækisins ásamt ítarefni og eru þau gögn því öllum aðgengileg.

Hvorki ráðuneytið né Landsvirkjun hafa ráðist í greiningu á því hversu miklum fjármunum fyrirtækið hefur skilað til þjóðarbúsins á umræddu tímabili umfram það sem greinir í svarinu. Hvorki Landsvirkjun né ráðuneytinu er kunnugt um að aðrir hafi unnið slíka greiningu. Þess ber þó að geta í þessu samhengi að á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að það hefur sett sér markmið um samfélagslega ábyrgð og að fyrirtækið ætli sér að skapa virði fyrir alla hagsmunaaðila. Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir þeim opinberu gjöldum sem fyrirtækið skilaði þessi ár á samstæðugrunni, þ.e. arði, ábyrgðargjaldi og sköttum.

Greiðslur á samstæðugrunni – millj. kr.	*2014*	*2015*	*2016*
Arður	1.500	1.500	1.500
Ábyrgðargjald	1.415	1.357	1.070
Skattar	0	588	1.050
Samtals	**2.915**	**3.445**	**3.620**

Önnur göld en þau sem greint er frá hér að framan hefur Landsvirkjun ekki upplýsingar um frá dótturfélögum sínum, þar á meðal Landsneti. Eru þau því á móðurfélagsgrunni.

Greiðslur á móðurfélagsgrunni – millj. kr.	*2014*	*2015*	*2016*
Önnur opinber gjöld	615	679	678
Samtals	**615**	**679**	**678**
Samtals greiðslur á móðurfélags- og samstæðugrunni – millj. kr.	**3.531**	**4.124**	**4.298**

2. *Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi eignarhald á Landsvirkjun?*

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir eftirfarandi um orkugeirann og Landsvirkjun: „Eigendastefna verður gerð fyrir Landsvirkjun þar sem meðal annars verði markmið um að hámarka virði orkunnar og að fyrirtækið starfi í góðri sátt við íslenska náttúru og landsmenn.“ Enn fremur segir: „Stofna skal stöðugleikasjóð sem haldi utan um arð af orkuauðlindum í eigu ríkissjóðs, tryggi komandi kynslóðum hlutdeild í ávinningi af sameiginlegum

auðlindum og geti verið sveiflujafnandi fyrir efnahagslífið.“ Það eru því engin áform um breytingar á eignarhaldi ríkisins í Landsvirkjun.

Uppfærsla á almennri eigandastefnu fyrir hluta- og sameignarfélög í eigu ríkisins, sem einnig mun eiga við Landsvirkjun, er nú í vinnslu í ráðuneytinu. Þar er gerð grein fyrir almennum markmiðum ríkisins með rekstri slíkra félaga, meginreglum og viðmiðum um stjórnarhætti ásamt kröfum og árangursviðmiðum. Samhliða er unnið að sérstökum reglum um val á stjórnarmönnum í stjórnir félaga í eigu ríkisins og er gert ráð fyrir að þær verði hluti af almennu eigandastefnunni. Stefnt er að því að drög að uppfærðri almennri eigandastefnu verði sett á vef ráðuneytisins til umsagnar fyrir lok maí, en þó eftir að ný eigandastefna fyrir fjármálafyrirtæki hefur verið samþykkt.

Í framhaldi verður unnið að gerð viðauka við almennu eigandastefnuna þar sem sett verða fram sérstök viðmið fyrir einstaka geira og/eða félög eftir þörfum. Stefnt er að því, í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, að fyrsti slíki viðaukinn verði fyrir orkugeirann og þau orkufyrirtæki sem ríkið á meiri hluta í, þ.m.t. Landsvirkjun. Er stefnt að því að drög að þessum viðauka verði sett á vef ráðuneytins til umsagnar á haustmánuðum.

3. *Kemur til greina að einkavæða Landsvirkjun að hluta eða öllu leyti?*

Engin áform eru um að einkavæða Landsvirkjun, hvorki að hluta né öllu leyti.